

Kæri skólameistari, aðstoðar skólameistari, útskriftanemar og aðrir gestir, ég vill byrja á að óska öllum útskriftanemum til hamingju.

Ég held að við getum öll verið sammála um það að undanfarin ár hafi ekki verið eins og við hefðum ýmindað okkur, þegar ég var í 10. bekk og hugsaði um það að ég væri að fara í menntaskóla var þetta ekki það sem ég hafði í huga, mér hefði aldrei dottið í hug að heilt ár af mínum menntaskólaárum myndi fara í það að sitja í kennslustundum ein heima bakvið tölvuskjá.

Eins ömurlegt og þetta covid-vesen er þá finnst mér betra að einblína á jákvæðu hlutina í mínu lífi, við höfum nú lent frekar vel í þessum heimsfaraldri hérna á Íslandi miðað við margar aðrar þjóðir. Það helsta sem ég tek frá þessum tímum er að;

- Ekkert er sjálfsagt, það er ekki sjálfsagt að hitta fjölskylduna eða vini daglega, það er ekki sjálfsagt að fá að fara í sund eða ræktina þegar manni henntar, eða mæta í vinnu eða í skóla.
- Þolinmæði, það er bara bókstaflega ekkert sem við sem einstaklingar getum gert til þess að láta þessar aðstæður hverfa, þess vegna held ég að við, nemendur, kennarar og starfsfólk VA, höfum öll staðið okkur ótrúlega vel í að gera gott úr þessum aðstæðum. Samvinna er þess vegna ótrúlega mikilvæg, ef við stöndum saman þá tekst ýmislegt sem annars væri óhugsandi. Og eins og alþjóð veit náðum við nú þrátt fyrir allt að halda árshátíð sem var svo slegið upp sem forsíðufrétt á dv daginn eftir.

En það má ekki gleyma því að á meðan við erum að vorkenna okkur fyrir að hafa haft lítið sem ekkert félagslíf í eitt og hálf ár þá eru til miklu stærri vandamál út um allt í heiminum, ef við horfum til dæmis á það sem er að gerast í Palestínu akkúrat núna, þar er stríð í landi sem ekki hefur her, þar er fólk hrakið burt úr heimalandi sínu og fleiri hundruð manns, þar með talin börn, drepin til að koma skilaboðum á framfæri. Eins erfitt og okkur finnst allt sem við erum búin að ganga í gegnum megum við ekki gleyma því víða í heiminum er stríð, börn drepin, konur kúaðar og sum staðar ekki einu sinni tjáningarfrelsi. Minnum okkur á að vera þakklát fyrir það sem við höfum.

Það er mikilvægt að einblína á það sem skiptir mann máli í lífinu, ekki vera að eyða tíma í að elta drauma einhvers annars, eltu þína eigin drauma. En hvað er það sem skiptir máli?

- Heilsa skiptir öllu máli hvort sem hún er andleg eða líkamleg.
- Hamingja, gerðu það sem veitir þér hamingju.
- Fjölskyldan, það er mikilvægt að hafa fólk í kring um sig sem styður við bakið á manni sama hvað á gengur
- Það mikilvægasta að mínu mati er ástríða, ef hún er ekki til staðar þá þarftu að finna hana. Ég er með gott dæmi um hvað þetta getur skipt miklu máli: Ég kom heim eftir skóla núna einhverntímamán í byrjun vorannarinnar og mamma spurði mig hvernig dagurinn hefði verið og ég sagði að það hafi verið svoooo gaman í jarðfræði tíma. Mamma horfði á mig og bara já okey finnst þér jarðfræði sem sagt skemmtileg?? – og ég var bara nei-nei-nei ég hef engan áhuga á jarðfræði, Gunnari finnst þetta bara svo gaman að mér fannst þetta gaman. Þannig að hans ástríða fyrir efninu gerði það miklu áhugaverðara. Ég vona að ég muni finna þessa ástríðu í mínu lífi, og við öll.
- Álit þitt á þér skiptir líka öllu máli, við megum ekki missa okkur í því að vera alltaf að hugsa um það hvað öðrum finnst um okkur, mér finnst alltaf gott að horfa á þetta þannig að „hugsanir annarra komi mér ekki við“ það kemur mér bara ekkert við hvað fólk út í bæ finnst um mig, og af hverju ætti ég þá að vera að eyða tíma í að velta mér upp úr því? Við lifum í samfélagi þar sem við búum við stanslausan samanburð, en þegar upp er staðið veitir það okkur enga hamingju hvort við lítum svona út eða hinsvegin, af því að það mun alltaf vera einhver flottari eða sætari en við sjálf. Við þurfum að finna þessa ástríðu til þess að verða hamingjusöm. Ég minni sjálfa mig reglulega á kvótið - „vertu þú sjálfur allir aðrir eru uppteknir“.
- Þrautsegja, ef það er eitthvað sem þú vilt í lífinu þá þarft þú að vinna vinnuna, það er enginn að fara að gera það fyrir þig. Ekki heldur vera hrædd um að takast það ekki í fyrstu tilraun, lífið er ekkert búið þá, maður stendur bara upp og reynir aftur, mundu bara það er enginn í öllum heiminum sem hefur ekki mistekist áður, maður lærir bara á mistökunum. Hvernig ætli heimurinn væri ef við hefðum bara öll þrautsegju á við barn sem er að byrja að labba? sem dettur á rassin mörgum sinnum á dag en stendur alltaf upp aftur.

Þessi undanfarin ár hafa verið ótrúlega litrík og skemmtileg og á marga vegu mjög þroskandi, en þar eiga kennarar skólans stóran þátt og mikið hrós skilið. Ef ég tala fyrir sjálfa mig þá hef ég lært alveg heilmargt á þessum stutta tíma, bæði af námsefninu sjálfu og líka bara margt annað af kennurunum sem tengist námsefninu oft ekki neitt, en er ekki síður mikilvægt að læra. Andrúmsloftið í skólanum er líka alltaf ótrúlega gott og alltaf hægt að tala við kennara og annað starfsfólk skólans ef mann vantar minnstu hluti. Það skiptir mig miklu máli að vita að ég get alltaf leitað til einhvers í skólanum ef þess þarf.

Ég vill enda þetta á því að þakka kennurum, starfsfólki og samnemendum mínum sem eru hér með mér á sviðinu í dag fyrir samleiðina á þessum árum.